

HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Odda v/Sturlugötu
Sími: 525-4500/525-4553
Fax nr: 552-6806
Heimasíða: www.hag.hi.is
Tölvufang: ioes@hag.hi.is

Skýrsla nr. C95:02

Bókaútgáfa á Íslandi árið 1993

Skýrsla gerð fyrir Félag íslenskra bókaútgefenda

1995

BÓKAÚTGÁFA Á ÍSLANDI

Inngangur

Að beiðni Félags íslenskra bókaútgefenda gerði Hagfræðistofnun Háskóla Íslands könnun meðal 11 bókaútgefenda þar sem þeir voru beðnir um að svara ýmsum spurningum varðandi rekstur fyrirtækja sinna á árinu 1993. Könnunin var gerð í kjölfar svipaðrar könnunar 1993, en þar var svarað spurningum fyrir árin 1987-1992. Hugmyndin er að gera könnunina reglulega í framtíðinni til að bókaútgefendur búi alltaf yfir sem bestum upplýsingum um stöðu og þróun greinarinnar.

Viss vandamál sköpuðust við samanburð milli kannananna tveggja. Í fyrsta lagi voru spurningarnar uppfærðar og þeim fjölgað. Í öðru lagi voru fleirri sem tóku þátt í seinni könnuninni. Þetta eru byrjunarörðugleikar sem vonandi verður komist hjá í næstu könnun, þannig að fá megi sambærilegar tölur milli ára.

Þeir bókaútgefendur sem þátt tóku í könnuninni í ár voru:


- Almenna Bókafélagið
- Forlagið hf.
- Fjölvaútgáfan
- Fróði
- Hörpuútgáfan
- Iðunn hf.
- Mál og menning
- Setberg
- Skjaldborg hf.
- Vaka-Helgafell hf.
- Örn og Örlygur hf.

Gera má ráð fyrir að upplýsingar frá þessum stærstu bókaútgáfum landsins gefi nokkuð góða mynd af stöðu íslenskrar bókaútgáfu í heild. Við nokkrum spurningum fékkst ekki svar frá öllum og er þess getið í textanum ef einhverjar upplýsingar eru einungis frá hluta ofantalinna bókaútgefenda.

Niðurstöður

1. Heildarvelta án virðisaukaskatts 1993

Velta án virðisaukaskatts var 1.289 milljónir króna árið 1993 hjá fyrrgreindum 11 bókaútgefendum. Til að geta borið veltutölur saman milli ára er nauðsynlegt að notast við áætlaða heildarsölu. Í könnun Hagfræðistofnunar árið 1993 var gert ráð fyrir að sala þeirra 7 bókaútgefenda sem þátt tóku það árið væri um 65% af heildarsölu. Sú tala var fengin með því að miða við könnun sem gerð var af Kristni Gestssyni, endurskoðanda, árið 1992 um sölu stærstu bókaútgáfanna 1991. Ef notast er við sama hlutfall þessara 7 útgefenda af heildarsölu fyrir árið 1993 fæst að hlutdeild þeirra 11 sem þátt tóku í könnuninni fyrir það ár hafi verið tæp 82%. Áætluð heildarvelta án virðisaukaskatts árið 1993 er því tæpir 1,6 milljarðar króna. Þessar veltutölur eiga eingöngu við um bókaútgáfu. Til samanburðar má nefna að heildarvelta án virðisaukaskatts atvinnugreinar nr. 284, bóka- og blaðaútgáfu, var 2.680 milljónir árið 1993.¹ Vegna þessarar grófu flokkunar í almennri skýrslugerð er mikilvægt að safna upplýsingum sérstaklega frá bókaútgefendum ef skoða á stöðu þeirrar greinar einnar og sér.



Á myndinni hér að ofan má sjá samdrátt í veltu árið 1993 sem stafar af upptöku virðisaukaskatts það ár. Um allan skeið hafa bókaútgefendur ekki hækkað bókaverð sem nemur auknum tilkostnaði, m.a. vegna aukinnar samkeppni við aðra menningarmiðla s.s. myndbönd og geisladiska. Álagning virðisaukaskatts hefur orðið til

¹ Ársreikningar fyrirtækja 1992 - 1993, Þjóðhagsstofnun (1995).

Þess að bókin stendur nú hallari fæti en áður og er upptaka hans hugsanlega neikvæð fyrir ímynd bókarinnar.

2. Virðisaukaskattsgreiðslur árið 1993

Söluskattsprósenta var 24% árið 1987 og 25% árin 1988 og 1989. Árið 1990 var lagður 24,5% virðisaukaskattur á bækur frá 1. jan. til 1. sept. en síðasta ársfjórðunginn var hann tekinn af. Þetta hefur haft sýnileg áhrif til hins betra á veltu, enda eru síðustu mánuðir ársins söluhæstu mánuðir bókaútgáfunnar. Virðisaukaskattur var enginn árið 1991 og 1992 en 14% skattur var lagður á árið 1993 og hefur veltan minnkað í kjölfar þess. Heildarvelta án virðisaukaskatts á föstu verðlagi hefur ekki verið minni síðan árið 1989 og ekkert virðist benda til þess að útkoman fyrir árið 1994 verði betri.

Samanlagður innskattur bókaútgefenda var nokkuð hærri en útskattur svo að eða sem nemur rúmum 55 milljónum króna. Útskatturinn var rúmar 102 milljónir og innskatturinn tæpar 158 milljónir.


Áður en virðisaukaskattur var að nýju lagður á bækur þurftu bókaútgefendur að borga virðisaukaskatt af aðföngum, þar sem prentkostnaður skiptir mestu máli. Eftir breytinguna 1993 fá útgefendur nú endurgreiddan 24,5% virðisaukaskatt af aðföngum en innheimta 14% virðisaukaskatt af framleiðslu sinni. Þetta veldur því að tekjusatrátturinn vegna álagningar virðisaukaskatts er lægri en virðisaukaskattsprósentan segir til um.²

3. Velta eftir tegundum bóka

Ef litið er á veltu eftir tegundum bóka var bókunum skipt í eftirfarandi flokka: Íslenskar fagurbókmenntir, þýddar fagurbókmenntir, íslenskar fræði og handbækur, þýddar fræði- og handbækur, íslenskar barnabækur og þýddar barnabækur. Einungis 6 af 11 bókaútgefendum svöruðu þessari spurningu. Þar sem einn útgefandi tók saman þýddar og íslenskar fræði- og handbækur annars vegar og þýddar og íslenskar barnabækur hins vegar er það einnig gert hér. Flokkurinn íslenskar fagurbókmenntir nær yfir um 14,6% af heildarsölnni og flokkurinn þýddar fagurbókmenntir um 9,5%. Sala fræði- og handbóka er í kringum 58,1% af heildarsölu þessara 6 bókaútgefenda og sala barnabóka um 17,8%. Athyglisvert er hve stór hlutur fræði- og handbóka er í heildarsölu. Skýring þessa gæti að hluta til legið í að þar sem bókaútgefendur hafa almennt ekki flokkað söluna eftir þessari skiptingu eru þetta oft á tíðum handahófskenndar tölur og jafnvel má geta sér þess til að þessi flokkur hafi lent sem

² Eftir því sem aðföng og annar kostnaður sem ber virðisaukaskatt er stærra hlutfall af veltu því minni áhrif hefur virðisaukaskatturinn á verð bóka. Í þeim sértúlfellum þegar kostnaður við aðföng sem bera virðisaukaskatt er hærri en helmingur tekna af bóksölu eykst framlegð hlutfallslega frá því sem áður var. Ef tekið er tillit til smásöluverðs en ekki heildsöluverðs er afar ólíklegt að virðisaukaskattskyldur kostnaður sé svo hár.

nokkurs konar ruslakista fyrir þær bækur sem ekki féllu undir hina flokkana þrjá. Þessari spurningu var ekki svarað í fyrri könnuninni og því höfum við ekki samanburð milli ára. Það verður hins vegar áhugavert að fylgjast með hvort þessi hlutföll eiga eftir að breytast á komandi árum.



4. Velta eftir söluleiðum

Ef lítið er á veltu eftir söluleiðum er svörunin mun betri. Af 11 bókaútgefendum svöruðu 9 þessari spurningu og er niðurstaðan því marktækari en í spurningunni hér að framan. Fram kemur að sala í bókabúðum er um 62% af heildarsölu og ætti það ekki að koma neinum á óvart að hlutur bókabúðanna er stærstur. 16% sölunnar er síma- og farandsala, tæp 19% fer í gegnum bókaklúbba og um 3% fellur undir aðrar söluleiðir. Aðrar söluleiðir eru m.a. áskriftarsala, sala til bókasafna og sala til bókamarkaða.


5. Fjöldi útgefina titla og upplag 1993

Bókaútgefendurnir 11 gáfu út 438 titla árið 1993. Þar af voru 113 endurprentanir og 325 nýútkomnar bækur. Meðal upplag á hvern titil var mjög misjafnt eftir útgefendum. Meðal upplag endurprentana lá á bilinu 1.000 til 3.142 eintök og nýútkominna bóka á bilinu 1.000 til 2.930 eintök. Hreint meðaltal af upplagi titla þessara 11 bókaútgefenda er 1.413 eintök fyrir endurprentanir og 2.081 fyrir nýútkomnar bækur. Fjölda útgefina titla var einnig skipt eftir 11 efnisflokkum. Stærsti undirflokkurinn var barnabækur, en alls var gefin út 141 barnabók og er það um 32% af heildarfjölda útgefina titla. Barnabækurnar voru afgerandi stærsti flokkurinn og voru næstu flokkar þar fyrir neðan með töluvert færri titla.

Efnisflokkar	Fjöldi útgefna titla	Hlutfall af heild
Íslensk skáldverk	44	10,0%
Þýdd skáldverk	51	11,6%
Íslenskar ævisögur	19	4,4%
Þýddar ævisögur	2	0,5%
Ljóð og leikrit	33	7,5%
Barnabækur	141	32,2%
Fræðibækur	44	10,0%
Námsbækur	49	11,2%
Handbækur	25	5,7%
Heilsubækur	3	0,7%
Ýmsar bækur	27	6,2%
Samtals	438	100%


6. Heildarkostnaður vegna prentaðra bóka

Af 438 útgefnum titlum voru 294 eða 67% prentaðir héraendis og 144 eða 33% erlendis. Af 11 bókaútfendur svöruðu 10 spurningu um heildarkostnað vegna prentaðra bóka, en hann var skilgreindur sem kostnaður við prentun, pappír og bókbænd. Heildarkostnaður vegna prentaðra bóka 10 útgefenda var 398 milljónir króna. Þar af var um 74% prentkostnaðar innlendur og 26% erlendur. Þessi hlutföll hafa verið nokkuð breytileg milli ára og ef borið er saman við hlutföll innlands og erlends prentkostnaðar úr könnuninni sem gerð var árið 1993 fæst að hlutfall erlends prentkostnaðar jókst talsvert árið 1990, en hefur haldist nokkuð stöðugt síðan.




Athyglisvert er að prentkostnaður sem hlutfall af veltu hefur dregist töluvert saman milli ára ef borið er saman við niðurstöður fyrri könnunarinnar. Samkvæmt þessari könnun er heildarprentkostnaður um 33,7% af veltu ársins 1993, en í fyrri könnuninni varð hann lægstur 36,4% árið 1991 og fór hæst í 45,7% árið 1987.

Hugsanleg skýring á þessu gæti verið að önnur skilgreining prentkostnaðar hafi verið notuð í fyrri könnuninni.



7. Verð á bókum

Spurt var um algengasta verð bóka og meðalverð bóka. Það var einnig gert í könnuninni 1993. Algengasta verð bóka er einnig fyrirbyggjandi frá árunum 1987 til 1992.



Algengasta verð

á verðlagi 1994 án vsk.

	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993
Íslensk skáldverk	3,335	3,162	2,943	2,844	2,718	2,937	2,526
Þýdd skáldverk	3,472	2,711	2,800	2,205	2,542	2,356	2,190
Íslenskar ævisögur	3,945	3,809	3,570	2,911	3,233	3,113	2,794
Þýddar ævisögur	3,071		2,833	2,382	2,818	2,831	1,827
Ljóð og leikrit	2,518	2,343	1,753	1,773	1,732	1,920	1,668
Barnabækur	1,562	1,239	1,138	1,073	1,030	1,147	1,039
Fræðibækur	4,478	4,199	3,948	4,553	3,392	2,937	4,786
Námsbækur	2,287	1,726	2,410	2,014	2,230	2,609	1,915
Handbækur	3,485	3,451	2,940	3,671	2,608	3,148	2,627
Heilsubækur	2,552	2,579	2,982	2,130	2,159	2,250	2,996
Ýmsar bækur	4,321	3,989	4,818	3,137	3,265	3,148	2,693

Myndin og taflan hér að framan sýna glögggt að verðlagning bóka er mismunandi á milli flokka. Hafa ber í huga að framleiðslukostnaður bóka er mjög mismunandi. Í töflunni sést vel þróun verðs á bókum síðustu ár. Augljóst er að bókaútfendur hafa almennt lækkað verð bóka milli ára þó svo að lækkunin sé mismunandi eftir flokkum.